

Vopnafjarðarhreppur
Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

2002110015
7502; 9310

Reykjavík, 20. desember 2002
/--

Efni: Brimvarnargarður milli Miðhólma og Skiphólma á Vopnafirði. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 5. nóvember 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð brimvarnargarðs í Vopnafirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 2 a og 10 h í 2. viðauka laganna.

Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 9. ágúst 2001, um að gerð brimvarnargarðs í Vopnafirði ásamt efnistöku skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfiráhrifum. Tilhögun framkvæmdar var þá önnur en sú sem fram kemur í erindi Vopnafjarðarhrepps frá því 5. nóvember sl.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vopnafjarðarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins.

Umsagnir bárust frá Vopnafjarðarhreppi með bréfi mótt. 29. nóvember 2002, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 2. nóvember 2002, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 4. desember 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 27. nóvember 2002. Svör framkvæmdaraðila bárust með bréfi dags. 11. desember 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða gerð brimvarnargarðs við Vopnafjarðarhöfn. Vopnafjarðarhöfn nýtur skjóls af Skiphólma að sunnan og Miðhólma að norðan. Fyrir eru við Vopnafjarðarhöfn tveir brimvarnargarðar sem liggja báðir út að Miðhólma að norðanverðu. Sá ytri, sem tengist út í Miðhólma, er 700 m langur og brýtur megnið af ölduorkunni en sá innri sem er um 400 m langur kemur í veg fyrir hreyfingu sem kemst í gegn um ytri garðinn. Með þessum aðgerðum hefur náðst nokkuð gott skjól í nyrsta hluta hafnarinnar, en þó er talið að það sé ekki nægjanlegt þar sem mikil ókyrrð komi út með sundinu milli innri garðs og Miðhólma þegar öldur brotna yfir ytri garðinn.

Í fyrri málsmeðferð kynnti framkvæmdaraðili eina megintilhögun brimvarnargarðs við Vopnafjarðarhöfn, tillögu C, en önnur tillaga var kynnt til viðmiðunar, tillaga A2, en hún var ekki talin koma til greina að hálfu framkvæmdaraðila. Samkvæmt tillögu C í fyrri málsmeðferð var gert ráð fyrir tvískiptum garði. Annars vegar frá Miðhólma í norðri suður í Skiphólma og hins vegar úr Skiphólma suður í Helenuflúð. Framkvæmdaraðili kynnir nú í framlögðum gögnum breytta útfærslu brimvarna byggða á tillögu C í fyrri málsmeðferð. Helstu breytingar felast í því að fallið hefur verið frá þeirri hugmynd að gera brimvarnargarð frá Skiphólma út í Helenuflúð og því er eingöngu til umfjöllunar brimvarnargarður milli Miðhólma og Skiphólma, alls 360 m langur. Í framlögðum gögnum kemur einnig fram að brimvarnargarðurinn hafi verið lækkaður um 1-2 m og endurhannaður svo hann falli sem best að hólmunum. Þá hafi tilhögun vegslóðalagningar einnig verið breytt til að lágmarka sjónræn áhrif og áhrif á náttúrufar.

Önnur af tveimur núverandi innsiglingum í Vopnafjarðarhöfn er á milli Miðhólma og Skiphólma og myndi hún lokast við framkvæmdirnar og innsigling því eingöngu nýtt að sunnan inn með Skiphólma.

Í framlögðum gögnum kemur fram að leggja þurfi veg til að aka efni út eftir innri brimvarnargarðinum og gera tengingu yfir sundið út í Miðhólma. Í stað þess að gera veg með fjörunni innan á Miðhólma til að koma efni út í garðinn eins og gert hafi verið ráð fyrir í fyrri málsmeðferð sé fyrirhugað að leggja um 150 m langan veg yfir og utan á Miðhólmanum. Með því móti sé viðkvæmri gróðurþekju hólman hlíft og sjónræn áhrif lágmarkuð. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði fjarlægður að framkvæmdum loknum.

Í framlögðum gögnum kemur fram að efnisþörf fyrir brimvarnargarðana sé nokkuð minni en gert var ráð fyrir í fyrri málsmeðferð, eða um 130.000 m³. Til að ná því magni þurfi að sprengja um 90.000 m³ af fastri klöpp sem nái yfir um 10.000-12.000 m² svæði. Efni verði tekið úr opinni námu í Vestari-Hraungarði á Kolbeinstanga. Fram kemur að áður hafi verið tekið efni úr námunni og það liggi að henni vegslóði.

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila hefur verið unnið að viðbótarrannsóknum á lífríki sjávarbotns og umhverfi og með hönnunarvinnu leitast við að koma fram með eins góða tillögu að brimvörn á Vopnafirði og kostur er. Fram kemur að framkvæmdin hafi verið minnkuð að umfangi, dregið úr sjónrænum áhrifum og lagt upp með það að öll vinna við brimvörnina raski eins lítið og nokkur kostur er náttúru Vopnafjarðar. Þá hafi framkvæmdaraðili kynnt hina nýju framkvæmdartillögu í nefndum sveitarfélagsins, fyrir heimafólki á almennum kynningarfundum og í fjölmiðlum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Vopnafjarðarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og hún skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands er vakin athygli á tengslum fyrirhugaðrar framkvæmdar við áætlun um meðferð og losun skólps frá þéttbýli á Kolbeinstanga. Bent er á að nauðsynlegt sé að kannað verði hvort og þá hvernig fyrirhugaður brimvarnargarður hafi áhrif á vatnaskipti innan hafnarsvæðis, þynningarsvæði og dreifingu skólps frá menginuþrás

þéttbýlisins.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á skýrslu sem Vopnafjarðarhreppur hefur látið vinna um fráveitumál á Vopnafirði. Fram kemur að skýrsla þessi miði við það að velja legu útrásar þannig að hún samræmist gildandi lögum og reglugerðum og taki mið af legu brimvarnarinnar. Fyrirhugaðri meginútrás hafi verið valinn staður m.t.t. þessa, en ljóst sé að nákvæmari straummælingar verði gerðar eftir að brimvörnin hafi verið gerð.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð um 360 m langs brimvarnargarðs við Vopnafjarðarhöfn á milli Miðhólma og Skiphólma. Framkvæmdinni fylgir lagning um 150 m langs vegslóða yfir og utan á Miðhólma til að koma efni út í garðinn og nám 90.000 m³ efnis úr opinni námu í Vestari-Hraungarði á Kolbeinstanga. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt liðum 10 h og 2 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 9. ágúst 2001, um að gerð brimvarnargarðs í Vopnafirði milli Miðhólma og Skiphólma og út í Helenuflúð ásamt efnistöku skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Síðan þá hefur framkvæmdin tekið breytingum, lagðar hafa verið fram nýjar upplýsingar um sjónræn áhrif og áhrif á lífríki og framkvæmdin kynnt fyrir almenningi. Fallið hefur verið frá gerð brimvarnargarðs milli Skiphólma og Helenuflúðar og þar með einnig veglagningu í Skiphólma. Ekki er gert ráð fyrir að raska gróðurhulu Miðhólma. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna og þeirra breytinga sem orðið hafa á tilhögun framkvæmdar ekkert benda til þess að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki geti orðið veruleg. Aflað hefur verið upplýsinga um sjónræn áhrif framkvæmdar og hönnun brimvarnargarðsins breytt frá fyrri málsmeðferð, m.a. til að lágmarka þau áhrif. Skipulagsstofnun telur ljóst á grunni framlagðra gagna að ásýnd staðarins muni breytast og nokkur sjónræn áhrif muni hljóttast af framkvæmdum. Stofnunin leggur hins vegar áherslu á að dregið hefur verið verulega úr umfangi brimvarna og sjónrænum áhrifum þeirra og telur ólíklegt að þau geti orðið veruleg. Skipulagsstofnun telur ekkert hafa komið fram sem bendi til þess að efnistaka í Vestari-Hraungarði geti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð brimvarnargarðs á Vopnafirði milli Miðhólma og Skiphólma samkvæmt þeirri tilhögun framkvæmdar sem hér er kynnt sé ekki líkleg til að geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Vegna brimvarnargarðsins og vegarins þarf að breyta Aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000 skv. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga, hafi ný tillaga að aðalskipulagi sveitarfélagsins ekki tekið gildi þegar að framkvæmdum kemur. Ekkert skipulag er í gildi á efnistökusvæðinu og þarf sveitarstjórn því að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. brbákva. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til að geta veitt framkvæmdaleyfi fyrir efnistökkunni. Gera þarf ráð fyrir efnistökusvæðinu í tillögu að nýju aðalskipulagi.

Samkvæmt 4. mgr. 6. greinar laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. janúar 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Umhverfisstofnun.